

# Framhaldsskólabraut

## Lýsing á braut

Námi á framhaldsskólabraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu og er lögð áhersla á hvort tveggja, annars vegar bóklegt nám og hins vegar og list- og verkgreinar. Brautinni lýkur með framhaldsskólaprófi. Framhaldsskólabrautin er 90 einingar og er miðað við að nemendur ljúki henni á tveimur árum. Í kjarna brautar eru 20 einingar. Val er þrískipt: Nemendum er skylt að velja minnst 20 einingar í hefðbundnum bóklegum greinum og minnst 30 einingar af verk- og listgreinaáföngum. Nemendur velja svo 20 einingar í frjálsum vali í samráði við skólann út frá lokamarkmiðum náms.

Markmið framhaldsskólabrautar eru sniðin að einstaklingsbundnum þörfum hvers nemanda en þó eru gerðar kröfur um að námslok séu á hæfniprepi 2. Í upphafi náms gerir nemandi og skóli námsáætlun þar sem lokamarkmið náms eru skilgreind. Nemandi þarf við upphaf náms að gera sér grein fyrir hvort hann stefnir við námslok beint á vinnumarkað eða í áframhaldandi nám. Lokamarkmið og áfangaval skulu vera í samræmi við það. Við námslok eiga nemendur að vera færir um að takast á við skilgreind lokamarkmið brautar. Nemendur eiga einnig að hafa öðlast almenna hæfni sem er í samræmi við hin níu svið lykilhæfninnar og grunnþætti menntunar.

### Kjarni • 20 einingar

Heilsufræði	HEIF <a href="#">1NH03</a> • <a href="#">1PJ03</a>	6 ein.
Íslenska	ÍSLE <a href="#">2GO05</a> eða <a href="#">2NH05</a>	5 ein.
Lífsleikni	LÍFS <a href="#">1HÖ02</a> • <a href="#">1VÖ02</a>	4 ein.
Tómstundir og þemavinna	ÞEMA <a href="#">1PT05</a>	5 ein.

### Bóklegt val • 20 einingar

Nemandi getur valið úr þeim bóklegu áföngum sem eru í framboði í skólanum en einnig má meta nám frá öðrum skólum.

## Verklegt val • 30 einingar

Fatasaumur	SAUM <a href="#">1GH05</a> • <a href="#">2GH05</a>	10 ein.
Fjallamennska	FJAL <a href="#">1AA12</a> • <a href="#">1BT13</a>	25 ein.
Frumkvöðlafræði	FRUM <a href="#">1NR05</a> • <a href="#">2HF05</a>	10 ein.
Grunnteikning	GRTE <a href="#">1FF05</a> • <a href="#">2FÚ05</a>	10 ein.
Kvikmyndagerð	KVMG <a href="#">1HM05</a> • <a href="#">2FL05</a>	10 ein.
Leiklist	LEIK <a href="#">1LH05</a> • <a href="#">1LH05</a>	10 ein.
Ljósmyndun	LJÓS <a href="#">1ML05</a> • <a href="#">2SH05</a>	10 ein.
Matreiðsla	MATR <a href="#">1AM05</a> • <a href="#">2HN05</a>	10 ein.
Málmsmíði	MALM <a href="#">1MH05</a> • <a href="#">1RL05</a>	10 ein.
Sjónlist	SJLI <a href="#">1TE05</a> <a href="#">2LM05</a>	10 ein.
Tónlist	Metið nám úr tónlistarskóla	20 ein.
Verkefnaáfangi *	VERK <a href="#">2FR05</a>	5 ein.
Vinnustaðanám	VINS <a href="#">1RV10</a> • <a href="#">2SF15</a> • <a href="#">2VI15</a> • <a href="#">2ST15</a>	55 ein.

\* Nemandi vinnur að lokaverkefni í framhaldi af verk- eða listgrein sem hann lagði stund á.

## Óbundið val • 20 einingar

Nemandi getur valið úr þeim bóklegu áföngum sem eru í framboði í skólanum en einnig má meta nám frá öðrum skólum. Val nemenda á áföngum skal miðast við að 25-50% (23-46 einingar) séu á hæfniprepi 1, 50-75% (46-69 einingar) séu á hæfniprepi 2 og á hæfniprepi 3 séu að hámarki 10 einingar.

**Alls 90 einingar**

## Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði á brautina er að hafa lokið grunnskóla eða sambærilegri menntun.

## Skipulag

Nemandi er skylt að ljúka 20 eininga námi í kjarna brautarinnar og þar af eru 5 einingar á 2. þrepi í íslensku. Auk þess þarf nemandi að hafa lokið námi á 1. þrepi í ensku og stærðfræði. Áfangar á fyrsta þrepi í íslensku, ensku og stærðfræði geta verið hluti af 20 eininga bóklegu vali. Sama gildir um nám á 1. þrepi í dönsku. Nemandi getur að því loknu valið aðra áfanga eða nám sem gerir frekari hæfnikröfur. Miðað er við að nemandi sérhæfi sig á tilteknu sviði í 30 eininga verklegu vali og taki þar minnst 10 einingar í hverri grein. Loks er óbundið val 20

einingar. Tónlistarnám er viðurkennt nám frá tónskólum og leiklistarnám er þátttaka í uppsetningu leikverks. Námslok framhaldsskólabrautar eru á hæfniprepi 2. Val nemenda á áföngum skal því miðast við að 25-50% (23-46 einingar) séu á hæfniprepi 1, 50-75% (46-69 einingar) séu á hæfniprepi 2 og á hæfniprepi 3 séu að hámarki 10 einingar.

## Hæfniviðmið

Að loknu námi skal nemandi hafa hæfni til að

- tjá skoðanir sínar og skýra verklag tengt skilgreindu starfsumhverfi á ábyrgan, sjálfstæðan og skýran hátt
- tjá sig á einfaldan og skýran hátt á erlendum tungumálum
- bera virðingu fyrir grundvallarreglum starfsumhverfis
- bera ábyrgð á starfi og starfsumhverfi
- meta sjálfan sig á hlutlægan hátt og gera sér grein fyrir tækifærum í umhverfi sínu
- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi, innan starfsgreinar eða annarrar sérþekkingar
- tengja þekkingu sína og leikni við starfsumhverfi og daglegt líf.